

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta o.fl.).

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, Rán Ingvarsdóttur og Rósu Guðrúnu Erlingsdóttur frá velferðarráðuneytinu, Bergþóru Halldórsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Þóru Björgu Jónsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jónu Aðalheiði Pálmadóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kristínu Ástgeirsdóttur frá Jafnréttisstofu og Helga Þórsson frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga, Jafnréttisráði, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökunum 78.

Tilgangur frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í því skyni að innleiða með fullnægjandi hætti tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins í ljósi athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og tryggja þar með réttarvernd beggja kynja hvað þetta varðar.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á orðskýringum í því skyni að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA á hugtökunum bein og óbein mismunun, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni. Stofnunin telur að skýringarnar séu ekki samhljóða þeim orðskýringum sem fram koma í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf og 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/41/ESB um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Nefndin bendir á að þessar breytingar munu stuðla að auknu réttaröryggi og tryggja þá réttarvernd sem tilskipunin leggur grunn að.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til heimild handa ráðherra að setja reglugerð um launajafnrétti, þar á meðal um innleiðingu staðals um launajafnrétti, svo sem varðandi hæfniskröfur til vottunarstofa og framkvæmd jafnlaunavottunar. Jafnlaunastaðall var gefinn út í desember 2012 en markmið hans er að auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað sínum. Nefndin bendir á að það er valkvætt hvort fyrirtæki og stofnanir beiti staðlinum við að tryggja launajafnrétti kynjanna og því er það mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að fyrir liggi hvaða reglum á að fylgja. Við meðferð frumvarpsins í nefndinni komu fram þær upplýsingar að vinnsla við gerð reglugerðarinnar væri á lokastigum.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 24. gr. laganna sem lýtur að almennu banni við mismunun. Fram komu athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA um að ekki væri kveðið á um að kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni falli undir mismunun í skilningi laganna. Með ákvæðinu er brugðist við þessum athugasemdum og með því er báðum kynjum tryggð sú réttarvernd sem tilskipuninni er ætlað að veita.

Með ákvæði 5. gr. frumvarpsins er lagt til að innleidd verði tilskipun ráðsins 2004/113/EB um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu. Tilgangur tilskipunarinnar er að stuðla að jafnrétti kynjanna á öðrum sviðum en á vinnumarkaði. Ákvæðið felur í sér að aðgangur að eða afhending vöru annars vegar og aðgangur að eða veiting þjónustu hins vegar sé ekki hagstæðari fyrir annað kynið. Ákvæðið útilokar þó ekki mismunandi meðferð kynjanna ef lögmæt markmið réttlæta slíkt sem og ef aðferðirnar til að ná þeim eru víðeigandi og nauðsynlegar. Við meðferð frumvarpsins í nefndinni kom fram nokkur gagnrýni á ákvæðið. Töldu nokkrir umsagnaraðilar að skýra þyrfti betur umfang þess og hversu víðtækt bannið yrði, þ.e. hve langt því væri ætlað að ganga eða við hvaða háttsemi væri verið að stemma stigu með banninu. Einnig komu fram athugasemdir um að það væri ekki skýrt hvernig yrði tekið á því ef körlum og konum stendur til boða sambærileg þjónusta en hvorum í sínu lagi. Nefndin ræddi þetta nokkuð og telur að gera verði ríkar kröfur til lagasetningar þegar mælt er fyrir um breytingar sem hugsanlega geta haft þær afleiðingar að lögmæt starfsemi verði skyndilega talin óheimil. Nefndin bendir á að stefnt er að útgáfu skýrslu um framkvæmd aðildarríkja ESB á tilskipun 2004/113/EB. Áætluð verklok við gerð skýrslunnar eru í lok þessa mánaðar. Skýrslan mun fjalla um þá reynslu sem komin er á beitingu ákvæða tilskipunarinnar um jafna meðferð í tengslum við vörukaup og þjónustu í aðildarríkjum ESB, þ.e. hvernig framkvæmdar- og eftirlitsaðilar með jafnrétti í hverju ríki fyrir sig túlka ákvæði tilskipunarinnar sem og dómstólar ríkjanna og Evrópuðómstóllinn. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að rétt sé að fresta innleiðingu á tilskipun ráðsins 2004/113/EB, þar til hún hefur kynnt sér efni skýrslunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „mun koma“ í 2. tölul. 1. gr. komi: kæmi.
2. 5. gr. falli brott.
3. Lokamálsliður 7. gr. falli brott.
4. Síðari málsliður 8. gr. falli brott.
5. Í stað orðanna „vörukaup, þjónusta o.fl.“ í fyrirsögn frumvarpsins komi: atvinna, störf o.fl.

Páll Valur Björnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2014.

Unnur Brá Konráðsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir.
form. frsm.

Elsa Lára Arnardóttir. Guðbjartur Hannesson. Svandís Svavarsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.